



Upplýsingar til fjölmiðla  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag kl. 16:00.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru fyrst veitt árið 1996. Markmið þeirra er að verðlauna námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. Stökkklar og stökkbreytingar í erfðaeefni mannsins sem unnið er af Martini Inga Sigurðssyni.
2. Bætibakteríur – Hin hliðin sem unnið er af Hugrúnu Lísu Heimisdóttur.
3. Gönguhermir sem unnið er af Andra Yngvasyni, Bjarka Má Elíassyni og Jónu Guðnýju Arthúrsdóttur.
4. Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi? sem unnið er af Rannveigu Sigríði Ragnarsdóttur.
5. Framleiðsla etanóls úr hýdrólýsötum með hitakærum bakteríum sem unnið er af Máneyju Sveinsdóttur.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna og formaður dómnefndar flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

17. febrúar 2009

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (s. 540-4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896-3028) og Kristín Ingvarsdóttir (s. 894 0626).*